

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 93/2008

frá 4. júlí 2008

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2007 frá 15. júní 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 294/2008 frá 11. mars 2008 um stofnun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu ⁽²⁾.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir 10. mgr. 1. gr. bókunar 31 við samninginn:

- „11. a) EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, er nefnist „stofnunin“ í því sem hér fer á eftir, sem var sett á fót samkvæmt eftirfarandi EB-gerð:
- **32008 R 0294:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 294/2008 frá 11. mars 2008 um stofnun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu (Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 1).
- b) EFTA-ríkin skulu taka þátt í kostnaði í tengslum við starfsemi sem um getur í staflíð a) í samræmi við staflíð a) í 1. mgr. 82. gr. samningsins og bókun 32 við samninginn.
- c) EFTA-ríkin skulu beita gagnvart stofnuninni og starfsfólki hennar Bókun um sérréttindi og friðhelgi Evrópubandalaganna.
- d) Þrátt fyrir staflíð a) í 2. mgr. 12. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna Evrópubandalaganna er forstjóra stofnunarinnar heimilt að gera ráðningarsamning við ríkisborgara EFTA-ríkjanna sem njóta óskertra borgaralegra réttinda.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 304, 22.11.2007, bls. 43, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 22.11.2007, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 1.

- e) Með skírskotun til 3. mgr. 79. gr. samningsins skal VII. hluti samningsins (Ákvæði um stofnanir) gilda um þessa málsgrein.
- f) Við beitingu þessarar reglugerðar skal reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar einnig gilda um þau skjöl stofnunarinnar sem varða EFTA-ríkin.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.